

Alþingi
Erindi nr. P 139/1804
komudagur 28.3.2011



Heimilisiðnaðarfélag Íslands

Nethyl 2e

110 Reykjavík

sími 551 5500

fax 551 5532

hfi@heimilisidnadir.is

www.heimilisidnadir

Vegna tillögu til þingsályktunar: um stofnun íslenskrar handverksdeildar í Listaháskóla Íslands. (þskj.328; 285)

Flm. Árna Johnsen, Arndísar Soffíu Sigurðardóttur og Ásbjörns Óttarssonar.

Heimilisiðnaðarfélag Íslands fagnar því að aukin áhugi sé á að efla handverkskennslu í skólum og þökkum fyrir að fá að vera umsagnaraðili um tillöguna.

Mér er ljúft og skylt að benda á að Heimilisiðnaðarfélag Íslands hefur síðan 1913 staðið vörð um íslenskt handverk. Í markmiði félagsins segir: *Hlutverk félagsins er að vernda þjóðlegan íslenskan heimilisiðnað, auka hann og efla, stuðla að vöndun hans og fegurð og vekja áhuga landsmanna á því að framleiða fallega og nýtsama hluti, er hæfi kröfum nýs tíma með rætur í þjóðlegum menningararfi.*

Heimilisiðnaðarfélag Íslands, (HFI). hefur frá byrjun staðið fyrir námskeiðum og kennslu en festi sig betur í sessi og markvisst frá árinu 1979 þegar Heimilisiðnaðarskólinn var stofnaður. Það hafa margir textilkennarar, handverksmenn og listamenn farið á námskeið í Heimilisiðnaðarskólanum og lagt þar grunn og styrkt stoðir undir áframhaldandi handverkskunnáttu og vinnu sína við kennslu og listir. Heimilisiðnaðarskólinn hefur beitt sér fyrir kennslu á handverki, ekki bara í Reykjavík heldur einnig á landsbyggðinni. Skólinn hefur haldið úti kennslu fyrir unga sem aldna og nú í sumar eru HFI. með samnorrena Handverksdaga í Dýrafirði þar sem mjög fjölbreytt kennsla í handverki mun fara fram. Þessir handverksdagar eru haldnir árlega og þá til skiptis á norðurlöndunum. Að auki er innann veggja þessa félags mikil kunnáttu um handverk sem hefur verið unnið í landinu svo lengi sem til þekkist. Skólinn hefur verið opin fyrir nýjungum og má þar margt telja. HFI. hefur verið með námskeið fyrir börn, verið í samstarfi við Símenntun fatlaðra, Fjölmenn. HFI. hefur í samstarfi við Vinnumálastofnun boðið atvinnulausu fólki uppá þrjónakennslu og það sem þrjóni viðkemur. Við höfum staðið fyrir viðbótarnámi fyrir vefnaðarkennara og komið hafa gestakennara

erlendis frá til kennslu í útsaumi, vefnaði, knippli, hnífagerð, öskjugerð, ostagerð og fleira.


HFI. og skólinn hafa staðið að verndun og kynningu á þjóðbúningum okkar og síðustu árin hafa viðamiklar rannsóknir á íslenska faldbúningnum og herrabúningnum leitt til þess að fjölda margir hafa lært að vinna handverkið sem tilheyrir þeim. Aðalsmerki Heimilisiðnaðarskólans eru kennararnir sem áhersla er lögð á að séu menntaðir til kennslunar.

Félagið er í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélögin á Norðurlöndum og Eistlandi. HFI. hefur unnið í nánu samstarfi við Þjóðminjasafnið og Listaháskóla Íslands sérstaklega má nefna vinnu við gerð Íslensku Sjónabókarinnar. HFI. hefur einnig verið í nánu samstarfi við Minjasafn Reykjavíkur og Þjóðminjasafnið með handverkskennslu, sýningu á handverki og þjóðbúningadaga. Samstarf er einnig við Heimilisiðnaðarsafnið á Blöndósi, Halldórustofa. Fyrirlestrar og kynning á íslenska þjóðbúningnum, kvenna, barna og herra var haldið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands. Margt fleira er hægt að telja til. Heimilisiðnaðarfélagið hefur ávallt lagt sig fram um að sýna íslensku handverki virðingu og lagt sig fram um að auka vegsemd þess.

Í ljósi þessa er ekki hægt að ganga fram hjá Heimilisiðnaðarfélaginu þegar handverkskennsla í landinu er rædd. .

Það að íslenskt handverk standi hátt á heimsmælikvarða er ekki síst starfi á vegum Heimilisiðnaðarfélagsins og skólans að þakka.

Virðingarfyllst.


Solveig Theodórsdóttir,

Formaður.

Netf: hfi@heimilisidnadur.is www.heimilisidnadur.is

Fylgiskjöl: Námskrá Heimilisiðnaðarskólans fyrir vorönn 2011
Tilboð í nám fyrir fatlaða haustönn 2011



Vor 2011 Heimilisiðnaðarskólinn

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit námskeiða sem Heimilisiðnaðarskólinn býður á vorönn. Listinn er ekki tæmandi. Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á hfi@heimilisidnadir.is Félagar í Heimilisiðnaðarfélaginu fá 10% afslátt af námskeiðsgjöldum. Flest stéttarfélög styrkja félag sína til þátttöku í námskeiðum okkar.

Faldbúninganámskeið þriggja ára námskeiðaröð.
Fyrir núverandi faldbúningsnemendur:

- Umsjónartímar vorannar verða kl. 10-13 lau. 5. feb. og 7. maí.
- Máltaka í Treyjusaum verður eftir umsjónartímann 5. febrúar.

Treyjusaumur - Fullbókað

Máltaka eftir umsjónatíma 5. febrúar kl. 13.00

Kennari: Oddný Kristjánsdóttir

Fjöldi kennslustunda: 32 kennslustundir (8 skipti)

Tími: mán.kl.19-22, 28.febr. – 11. apr.

Námskeiðsgjald: kr. 65.250 fyrir félagsmenn

Efni ekki innifalið. Nemendur mæta með saumavél og áhöld.



Þjóðbúningur kvenna – upphlutur eða peysuföt

Saumaður er upphlutur eða peysuföt. Búningurinn er klæðskerasniðinn og máltaka verður í fyrsta tíma. Nemendur mæta með saumavél og áhöld.

Kennari: Óstaðfest

Fjöldi kennslustunda: 50 (11 skipti)

Tími: Óstaðfest

Námskeiðsgjald kr. 92.500 (kr. 83.200 fyrir félagsmenn). Efni ekki innifalið

Þjóðbúningur karla

Saumaður er þjóðbúningur karla. Búningurinn er klæðskerasniðinn og máltaka verður í fyrsta tíma. Nemendur mæta með saumavél og áhöld.

Kennari: Guðrún Hildur Rosenkjær

Fjöldi kennslustunda: 50 (11 skipti)

Haldið á haustönn 2011. Áhugasamir eru hvattir til að skrá sig á biðlista.



Barnabúningur – þjóðbúningasaumur

Saumaður er 19. eða 20. aldar upphlutur á telpu, allt að 10 ára. Búningurinn er klæðskerasniðinn og máitaka verður í fyrsta tíma. Nemendur mæta með saumavél og áhöld.

Kennari: Oddný Kristjánsdóttir
Fjöldi kennslustunda: 32 (8 skipti)
Tími: mið. kl. 19-22, 2 mars - 8 apríl
Námskeiðsgjald kr. 72.500 (kr. 65.250 fyrir félagsmenn). Efni ekki innifalið.

Svuntu og skyrtusaumur

Á þessu námskeiði er saumuð skyrta og svunta fyrir 19. eða 20.aldarbúning. Klæðskerasniðin, máitaka í fyrsta tíma. Allt efni fáanlegt í verslun Heimilisiðnaðarafélagsins. Nemendur mæta með saumavél og áhöld.

Kennari: Olga Kristjánsdóttir
Fjöldi kennslustunda: 15 (5 skipti)
Tími: mán. Kl. 19-21, 7 .mars - 4.apríl
Námskeiðsgjald kr. 29.100 (kr.26.200 fyrir félagsmenn). Efni ekki innifalið.

Miðaldakjól

Á þessu námskeiði er saumaður miðaldakjól. Helsta fyrirmynd eru kjólar sem sem fundist hafa við fornleifauppgröft á Herjólfnesi á Grænlandi, þar sem norrænir menn bjuggu, ásamt heimildum frá sturlungaöld. Farið verður í gegnum miðalda tísku í evrópu og spáð í útfærslur. Hægt að kaupa ullarefni á námskeiðinu hjá kennara eða í verslun félagsins en í kjólinn þarf 2,5 metra x 140-150 cm breitt ullarefni. Nemendur mæta með saumavél og áhöld.



Kennari: Beate Storm.
Fjöldi kennslustunda: 20 (1 helgi)
Tími: ótímasett en verður á vorönn 2011
(föstudagur 1.apr. kl. 20 – 21, fyrirlestur um miðaldaföt og heimildir, lau. 2 apr.10-17 og sun. 3 apr.10-15)
Námskeiðsgjald kr. 30.800 (kr. 27.700 fyrir félagsm.) Efni ekki innifalið

Skírnarkjólar

Á námskeiðinu verður boðið upp á að velja á milli þess að sauma kjól úr tjulli eða vönduðu mjúku lérefti. Tjullkjóllinn er rykkur undir berustykki með púffermum ýmist stuttum eða síðum. Útlínur munsturs eru saumaðar með þræðispori og grunnar í stærri fleti munsturs. Kjóllinn er fóðraður með satínfóðri. Léreftskjóllinn er með löngum ermum sem eru dregnar saman fremst. Munstur er saumað með varplegg (kontórsting) götum, fræhnútum, flatsaum og mislöngum sporum.

Í fyrsta tíma sauma nemendur prufur en fullvinna síðan kjólana undir leiðsögn kennara.

Kennari: Valgerður Jónsdóttir, textílkennari
Fjöldi kennslustunda: 24 (6 skipti)
Tími: fim. kl. 19-22, 3.mars., 10.mars., 24.mars., 14.apríl., 5.maí. og 19.maí
Námskeiðsgjald kr. 36.900 (kr. 33.200 fyrir félagsmenn). Efni fæst í verslun Heimilisiðnaðarafélagsins. Nemendur mæta með saumavél og áhöld

Víravirki

Fyrir byrjendur og lengra komna

Kennari: Dóra Jónsdóttir

Fjöldi kennslustunda: 16 (4 skipti)

Tími: Tvær helgar, 19., 20., 26. og 27. feb, lau. kl. 15-18 og sun. kl. 10-13.

Námskeiðsgjald: kr. 24.600. (kr. 22.140 fyrir félagsmenn). Festingar og þjónn eru innifaiin í verði en nemendur greiða sérstaklega fyrir silfurþráðinn, eftir því hvað þeir eru að vinna. Sem verðdæmi má áætla kr. 4.000 í nælu.

Baldýring I

Baldýring eða gullsaumur er gömul útsaumsgerð sem finnst víða um heim. Á Íslandi hefur þessi aðferð einna helst verið notuð á þjóðbúningum og kirkjulegum útsaumi. Kennend eru grunnatriði í baldýringu og uppsetning á upphlutsborðum



Kennari: Herdís Pétursdóttir

Fjöldi kennslustunda: 32 (8 skipti)

Tími: fim. kl. 19-22., 3.mars. - 28. apríl (frí 21. apríl)

Námskeiðsgjald: kr. 49.800. (kr. 44.800 fyrir félagsmenn). Innifalið er efni í prufur. Áætlað efniskostnaður í borða er um kr. 3.000-5.000 og fæst hjá kennara.

Baldýring II

Framhaldsnámskeið þar sem aðaláhersla er á baldýringu á faldbúning, þ.e. kraga, treyju og upphlutsborða og beltí. Undirstöðuþekking í baldýringu er nauðsynleg.

Kennari: Inda Dan Benjamínsdóttir


Fjöldi kennslustunda: 16 (4 skipti)

Tími: lau.kl. 10-13, 19.feb., 5.mars., 19.mars og 2.apríl

Námskeiðsgjald: kr. 24.600. (kr. 22.140 fyrir félagsmenn). Efni ekki innifalið.

Sauðskinnsskór og íleppar

Nemendur læra að gera sauðskinnsskó og þjónun íleppa kynnt eins og tíðkaðist hér um aldir. Nemendur kaupa efni í skóna hjá kennara en koma sjálfir með skæri og fingurbjörg.



Kennari: Helga Þórarínsdóttir

Fjöldi kennslustunda: 8 (2 skipti)

Tími: kl. 10-13, lau. 7.maí og sun. 8. maí.

Námskeiðsgjald: kr. 12.300 (kr. 11.000 fyrir félagsmenn).



Jurtalitur


Nemendur kynast nokkrum íslenskum plöntum sem notaðar hafa verið til litunar. Kennð meðhöndlun á ull áður en hún er lituð og meðferð festa. Kennt að grunnlita ullarband með jurtalitum og yfirlita það með kopar og járn eða öðrum litum. Kennt að lita með erlendum lífrænum efnum s.s. indigo og kaktuslús. Nemendur þurfa að koma með svuntur og klæddir fyrir sull og útivist því farið verður út að tina plöntur í nágrenninu. Nemendur fá ljósrit með helstu upplýsingum og útbúa vinnubók með prufum

Kennarar: Sigrún Helgadóttir og Þorgerður Hlööversdóttir

Fjöldi kennslustunda: 21 (4 skipti)

Tími: fim. 26. maí kl. 19-22, fös. 27. maí kl. 19-22, lau. 28. maí kl. 10-16 og sun. 29. maí kl. 13-16.

Námskeiðsgjald: kr. 33.800, efni innifalið. (Kr. 30.400 fyrir félagsmenn)



Knipl

Kennð grunnatriði í knipli. Kniplbretti á staðnum.

Kennarar: Hildur Sigurðardóttir og Sigrún Axelsdóttir

Fjöldi kennslustunda: 24 (6 skipti)

Tími: mán. kl. 18-21, 10. jan. - 21. feb. (- 14. feb)

Námskeiðsgjald: kr. 36.900 (kr. 33.200 fyrir félagsmenn)

Orkering

Kennð er grunnaðferð við að hnýta blúndur og dúka með þar til gerðri skyttu. Orkeraðar blúndur eru t.d. notaðar framan á peysufataermar


Kennari: Astrid Björk Eiríksdóttir

Fjöldi kennslustunda: 16 (4 skipti)

Tími: þri. kl. 19-22, 29. mars-19. apríl

Námskeiðsgjald: kr. 26.200. (kr. 23.500 fyrir félagsmenn)

Innifalið í verði er orkeringarskytta, garn, og heklunál.



Útsaumur

Til eru margar og fjölbreyttar útsaumsaðferðir. Hægt er að nota mismuandi garn og efni við útsauminn sem gerir hann enn fjölbreyttari. Flestir þekkja útsaum sem notaður er til skrauts á ýmsa muni á heimilinu, en einnig er hægt að nota hann sem skraut á fatnað og töskur.

Á námskeiðinu verður farið aðferðir útsaums og útfærslu á þeim. Farið verður og kynnt í helstu grunnsporin sem eru varpleggur/kontur-stingur, tunguspor, lykkjuspor flatsaumur, greinaspor, afturstingur, þræðispor og franskir hnútar. Einnig verður farið í franskan og enskan útsaum, blómstur- og refilsaum og fléttuspor.

Nemendur sauma nokkrar prufur með mismunandi aðferðum og fá að prófa mismuandi garn og efni. Í lokin eiga nemendur að geta byrjað á litlill prufu með helstu aðferðunum sem kenndar eru.

Kennari: Guðrún Edda Baldursdóttir

Fjöldi kennslustunda: 20 (5 skipti)

Tími: þri. kl. 18-21, 3. maí – 31. maí.

Námskeiðsgjald: kr. 31.800 (kr. 28.600 fyrir félagsmenn). Efni í prufur og saumnálar innifalið.

Harðangur

Byrjað verður á að kenna grunnatriði í Harðangurssaumi. Einkenni harðangursaðferðarinnar er flatsaumur, stólpar sem kastað er yfir og fyllingar í útklippt göt. Í Harðangri eru saumaður flatsaumur sem mynda nokkurs konar blokkir/ þyrpingar sem raðast yfirleitt nokkrar saman. Þegar því er lokið er klippið á milli og kastað yfir þræði og búnir til stólpar. Um leið, eða á eftir er hægt að fylla með nokkrum aðferðum í götin sem hafa myndast. Að lokum eru síðan saumuð ýmis konar einföld mynstur með aðferðum sem einkenna Harðangur. Í lokin verður farið í frágang á kanti. Nemendur sauma prufu á námskeiðinu.

Farið verður í grunnatriði og námskeiðið hentar því vel byrjendum.

Kennari: Guðrún Edda Baldursdóttir

Fjöldi kennslustunda: 16 (4 skipti)

Tími: mán. kl. 19-22, 14. feb- 7. mars.

Námskeiðsgjald: kr. 25.500 (kr. 22.900 fyrir félagsmenn). Kennsluefni, saumnálar og efni í prufur innifalið.

Skattering

Gömul íslensk útsaumsaðferð kennd. Oft notuð í skautbúning eða faldbúning en aðferð sem hægt að nota í alla ullarjava.

Kennari: Guðbjörg Andrésdóttir

Fjöldi kennslustunda: 9 (3 skipti)

Tími: mán. kl. 19-22, 2. maí -16. maí

Námskeiðsgjald: kr. 14.600 (kr. 13.100 fyrir félagsmenn). Efni í prufur innifalið.

Lissugerð I

Aðferðin kennd og þátttakendur gera prufur á sérstakt lissubretti sem færst hjá kennara.

Kennari: Alma Róbertsdóttir

Fjöldi kennslustunda: 9 (3 skipti)

Tími: þri. 1.febr. – 15. febr.

Námskeiðsgjald: kr. 13.800 (kr. 12.400 fyrir félagsmenn) efni í prufur og áhöld fæst hjá kennara og er ca.5000 kr.

Spjaldvefnaður I

Spjaldvefnaður er ævarforn vefnaðartækni. Hann barst til Íslands með landnámsmönnum og hefur þróast á sérstakan hátt. Spjaldofin bönd má nota í líningar á fatnaði (t.d. víklingabúningum), belti, axlabönd, gítarólar, reiðtygi (tauma, beisll o.þ.h.). Böndin eru skrautleg og mjög sterk. Nemendur læra að setja upp vef eftir uppskrift, gera uppistöðu, þræða spjöldin, og vefa nokkur tilbrigði af böndum (nemendur skiptast á böndunum) með grunnaðferð. Prufur, munstur og uppsetningarleiðbeiningar eru settar í vinnubók. Kennslubæklingur fylgir.

Kennari: Phillippe Ricart

Fjöldi kennslustunda: 18,5 (4 skipti)

Tími: þri. kl. 19-22.30, 8.mars - 29.mars

Námskeiðsgjald: kr. 28.500. (kr. 25.900 fyrir félagsmenn)

Spjaldvefnaður II


Framhaldsnámskeið í spjaldvefnaði. Tvöfaldur vefnaður. Nemendur setja upp vef og vefa prufur með mismunandi tækni, m. a. með íslenku tvöföldu aðferðinni. Nemendur vefa bæði munstur og letur. Kennslubæklingur fylgir.

Kennari: Phillippe Ricart

Fjöldi kennslustunda: 18,5 (4 skipti)

Tími: mið. kl. 19-22.30, 30.mars - 20.apríl

Námskeiðsgjald: kr. 28.500. (kr. 25.900 fyrir félagsmenn)



Tóvinna I

Lögð er áhersla á að leiðbeina í tóvinnu með sömu aðferðum og notaðar voru fyrrum á Íslandi. Það er að taka ofan af, að hæra, kemma og spinna bæði á rokk og halasnældu. Spunnið er þel og tog, notaðir viðeigandi kambar, útskýrð gömul heiti og orðatiltæki um áhöld, uil og spuna. Jafnframt því sem spunnið er á hefðbundinn hátt eru gerðar tilraunir með misgróft band og alla vega samkembur. Áhöld og efni á staðnum.

Kennari: Marianne Gluckelsberger

Fjöldi kennslustunda: 20 (5 skipti)

Tími: mið. kl. 19-22, 15. mars - 12.apríl.

Námskeiðsgjald: kr. 29.000. (Kr. 26.100 fyrir félagsmenn). Efni innifalið.

Tóvinna II


Framhaldsnám í tóvinnu. Nemendur kemma saman ull í mismunandi litum til að ná fleiri blæbrigði. Farið verður ítarlega í aðferðir að spinna tog og þel. Markmið námskeiðs er að nemendur nái gott vald á rokknum. Við stjómum rokknum, ekki hann okkur!

Kennari: Marianne Gluckelsberger
Fjöldi kennslustunda: 20 (5 skipti)
Tími: mið. kl. 19-22, 7. 16.mars – 13.apríl.
Námskeiðsgjald: kr. 29.000. (Kr. 26.100 fyrir félagsmenn). Efni innifalið.

Spuni

Kennt að spinna uliarkembur á halasnældu og rokk.

Kennari: Marianne Gluckelsberger
Fjöldi kennslustunda: 12 (3 skipti)
Tími: þri. kl. 19-22, 8. feb. – 22.feb.
Námskeiðsgjald: kr. 17.800. (kr. 16.020 fyrir félagsmenn). Efni innifalið



Vattarsaumur I




Aðferð sem notuð var við gerð vettlinga, sokka o.fl. áður en þrjón þekktist. Notuð er mjög gróf nál og efnið „saumað“. Nemendur gera húfu, vettlinga eða handstúkur. Þátttakendur mæta með frekar gróft uliargarn að eigin vali og vattarsaumsnál. Léttlopi hentar vel en ekki plötulopi.

Kennari: Marianne Gluckelsberger.
Fjöldi kennslustunda: 16 (4 skipti)
Tími: fim. kl. 19-22, 3.feb – 23.feb.
Námskeiðsgjald: kr. 22.400. (kr. 20.160 fyrir félagsmenn)

Vattarsaumur II

Á þessu framhaldsnámskeiði verða flóknari spor æfð sem ná yfir margar lykkjur (Mammen, Korgen, York o.fl.). Nemendur geta valið um að búa til veski í spirál með tveimur litum, sokka, húfu með skrauti eða fingravettlinga. Kennt að lesa og skrifa aðferðir.

Kennari: Marianne Gluckelsberger.
Fjöldi kennslustunda: 16 (4 skipti)
Tími: þri. kl. 19-22, fim. 3. mars - 24.mars.
Námskeiðsgjald: kr. 22.400. (kr. 20.160 fyrir félagsmenn)



Vefnaður – Treflar og sjöl úr hör og ullarkrep

Á þessu 6 vikna námskeiði er hægt að setja upp í 2 trefla. Þátttakendur geta einnig ofið á hefðbundnum opnunartíma að höfðu samráði við starfsmenn HFÍ.

Kennari: Guðrún Kolbeins
Fjöldi kennslustunda: 48 (12 skipti)
Tími: mán. og fim. kl. 17.30 - 20.30, tvisvar í viku
Námskeið 1). 7. feb.- 17.mars.



Námskeið 2). 28.mars – 12. maí
Námskeiðsgjald: kr. 67.200 (60.480 fyrir félagsmenn).

Dúkavefnaður

Á þessu námskeiði er ofið í uppsettan vef og hentar því vel fyrir þá sem ekki hafa ofið áður. Hægt að vefa á hefðbundnum opnunartíma að höfðu samráði við starfsmenn HFÍ.

Kennari: Guðrún Kolbeins
Fjöldi kennslustunda: 4 (1 skipti)
Tími: Í samráði við kenara
Námskeiðsgjald: kr. 9.500 efni ekki innifalið.

Svuntuvefnaður

Ofið verður í 19.aldar svuntu að eigin vali undir handleiðslu kennara. Vefurinn er uppsettur og leiðbeinir kennari með litaval. Áætlaður vefnaðartími er 2-4 dagar. Leiga á vefstól er kr. 1500, á dag. Fastur kostnaður fyrir uppistöðu og kennslu er kr. 5000,- Efniskostnaður í íslet fer eftir vigti. Tilvalið að koma með sitt eigið band

Kennari: Guðrún Kolbeins
Fjöldi kennslustunda: 4 (1 skipti með kennara)
Tími: Tímasetning þegar næg þáttaka hefur náðst. (6 nemendur)
Námskeiðsgjald: kr. 5.000, uppistaða og kennsla + leiga á vefstól kr.1500 per.dag
Áhugasamir hvattir til að skrá sig.



Myndvefnaður

Vali á uppistöðu í samræmi við myndefni. Uppistaðan strekkt í blindramma og gerð klár. Efni valið í ívaf, farið í handbrögð við vinnu, ýmsar vefnaðar aðferðir, frávik og frágang af myndum.

Kennari: Philippe Ricart.
Fjöldi kennslustunda: 15 (5 skipti).
Tími: Miðvikudögum. 16.febrúar - 16.mars kl. 19:00-21:00
Námskeiðsgjald: Kr. 23.100.- (kr. 20.800.- fyrir félagsmenn).

Prjón fyrir byrjendur

Nemendur læra að prjóna slétt og brugðið og garðapryón, fitja upp og fella af, úrtökur og auka út. Efni í prufur verður í fyrsta tíma. Nemendur koma síðan með eigið gam og prjóna. Nemendur fá aðstoð við að byrja að prjóna einfalda vettlinga eða annað af eigin vali.

Kennari: Óstaðfest
Fjöldi kennslustunda: 12 (4 skipti)
Tími: mán. kl. 18-20, 17., 24., 31. jan. og 7. feb.
Námskeiðsgjald: kr. 16.800. (kr. 15.120 fyrir félagsmenn)

Prjónlæsi


Farið verður yfir prjónauppskriftir og þær útskýrðar. Þátttakendur hafa með sér prjóna og gam í prufur. Þátttakendur koma með uppskrift að eiginvali, gam og prjóna. Aðstoðað er við að byrja að prjóna eftir uppskrift og farið verður yfir uppskriftina með hverjum og einum.

Kennari: Ásta Kristín Siggadóttir, textílkennari
Fjöldi kennslustunda: 6 (2 skipti)
Tími: mið. kl. 20-22, 2.mars - 23.mars
Námskeiðsgjald: kr. 13.800 (12.400 fyrir félagsmenn).

Prjón og hekl fyrir örvhenta

Grunnnámskeið í prjóni og hekli fyrir örvhenta. Farið í uppfitjun, úrtöku og algengustu prjónaaðferðir, slétt og brugðið, klukkuprjón og perluprjón. Síðan verður kenndar algengustu heklaðferðirnar, fastahekl og stuðlahekl. Þátttakendur koma með sokkaprjóna nr. 4,5 heklunál og garn sem passar við prjónastærðina.

Kennari: Helena Gunnarsdóttir, textílkennari
Fjöldi kennslustunda: 9 (3 skipti)
Tími: mið. kl. 20-22, 2. feb - 16. feb.
Námskeiðsgjald: kr. 13.800 (kr.12.400 fyrir félagsmenn)




Dominó prjón - NÝTT

Kennt að prjóna þessa spennandi aðferð. Prjónaðar húfur og / eða treflar.

Þátttakendur mæta með lopa og prjóna.


Kennari: Ásta Kristín Siggadóttir, textílkennari
Fjöldi kennslustunda: 9 (3 skipti)
Tími: fim. kl. 20-22. 24.mars-7.apríl
Námskeiðsgjald: kr. 12.600 (kr. 11.340 fyrir félagsmenn).



Myndprjón

Kenndar eru eftirfarandi aðferðir í myndprjóni: að prjóna fram og til baka í sléttu prjóni þannig að réttan snúi að manni þegar prjónað er, að látá lifafleti mætast án þess að tengja garnið yfir flötinn á röngu, að ganga frá endum á snyrtilegan hátt. Prjónuð er úttalinn mynd eftir teikningu. Þátttakendur koma með 2 prjóna nr.4, javanál og skæri. Ekki þarf að koma með garn.


Kennari: Ásta Kristín Siggadóttir, textílkennari
Fjöldi kennslustunda: 4 (1 skipti)
Tími: fim. 17. mars, kl. 19-22
Námskeiðsgjald: kr. 7.400. (kr. 6.600 fyrir félagsmenn)



Dúkaprjón

Þátttakendur læra undirstöðuatriði í dúkaprjóni og vinna verkefni eftir uppskrift. Blúnduprjón, útaukningar og úrtökur. Þátttakendur hafi með sér sokkaprjóna nr. 2, heklugarn nr. 20, skæri, nál, mörkihringi fyrir prjón.

Kennari: Ásta Kristín Siggadóttir, textílkennari
Fjöldi kennslustunda: 9 (3 skipti)
Tími: mið. kl. 20-22, 9.febrúar - 23. febrúar.
Námskeiðsgjald: kr. 12.600. (kr. 11.340 fyrir félagsmenn)



Prjónaðir tvíbandavettlingar með tungu

Þátttakendur fá þjálfun í að prjóna tvíbandavettlinga með tungu (með tveimur litum). Slétt og brugðin lykkja, tvíbandaprjón,

Útaukningar og úrtökur. Unnið eftir ákveðinni uppskrift og lesið úr teikningu.

Kennari: Ásta Kristín Siggadóttir, textílkennari

Fjöldi kennslustunda: 12 (4 skipti)

Tími: fim. kl. 20-22, 17. feb – 10. mars

Námskeiðsgjald: kr. 16.800. (kr. 15.120 fyrir félagsmenn)



Englaprjón – NÝTT

Kennt að prjóna engil úr bómullargarni, stífa og ganga frá endanlega. Nemendur koma með 100% bómullargarn sem hentar fyrir sokkaprjóna nr. 2,5. Þær sem vilja nota magic-loop aðferðina geta komið með 60-80 cm hringprjón. Nál til að ganga frá endum.

Kennari : Hulda Soffía Arnbergsdóttir

Fjöldi kennslustunda: 8 (2 skipti)

Tími: þri. 19-22, 15.feb og 22.feb

Námskeiðsgjald: kr. 11.200 (kr. 10.080 fyrir félagsmenn)

Prjónað eftir enskri uppskrift


Þú kemur með uppskrift á ensku sem að þig hefur alltaf langað til að prjóna en ekki treyst þér í það. Aðstoð veitt við að koma þér af stað og skilja enskar skammstafanir og orðasambönd í uppskriftinni. Koma með prjóna og garn sem vinna á með samkvæmt uppskriftinni.

Kennari : Hulda Soffía Arnbergsdóttir

Fjöldi kennslustunda: 12 (3 skipti)

Tími: Miðvikudögum 19-22, 23.mars, 30.mars og 6.apríl

Námskeiðsgjald: kr. 16.800 (kr.15.120 fyrir félagsmenn)



Vettlingar sem koma á óvart

Vettlingar sem hlýja á köldum vetrardögum.

Prjónaðir kvennmannsvettlingar og kennd prjöntækni sem fyllir vettlinginn að innan með mjúkum plötulopa.

Koma með sokkaprjóna nr. 3.5 og 4. Einnig hægt að nota magic-loop aðferðina fyrir þær sem það kunna, koma þá með 80cm hringprjóna nr 3.5 og 4.


2 dokkur af léttlopa og smá af plötulopa. Nál til að ganga frá endum.

Kennari : Hulda Soffía Arnbergsdóttir

Fjöldi kennslustunda: 8 (2 skipti)

Tími: Þriðjudagar.kl. 19-22. 26.janúar og 2.febrúar/ 1.mars og 8.mars

Námskeiðsgjald: kr. 11.200 (kr. 10.080 fyrir félagsmenn)



Rússneskt hekl – Grunnnámskeið

Þátttakendur læra undirstöðuatriði í rússnesku hekli, halda á heklunálinni, aðferðir eins og slétt, brugðið, útaukningu, úrtöku og fleira í prufuformi. Þátttakendur mæta með rússneska heklunál nr. 5 eða 6 með 60 cm snúru. Efni í prufur innifalið.

Kennari: Patric Hessel-Zein
Fjöldi kennslustunda: 2 (1 skipti)
Tími: mán. Kl. 18-19.45
Námskeið 1. 10. Jan
Námskeið 2. 1. feb
Námskeið 3. 14. mars
Námskeið 4. 18. apríl
Námskeiðsgjald: kr. 5.500. (kr.4.950 fyrir félagsmenn)



Rússneskt hekl – Handstúkur NÝTT

Þátttakendur mæta með rússneskaheklunál nr. 5 með 60 cm snúru, plötulopa og einband eða kambgarn í mismunandi litum. Þá bendum við á bókina Rússneskt hekl sem gott er að hafa á námskeiðinu.

Kennari: Patric Hessel Zein
Fjöldi kennslustunda: 2 (1 skipti)
Tími: mán. Kl. 18-19.45
Námskeið 1. 8. Feb
Námskeið 2. 8. mars
Námskeiðsgjald: kr. 5.000. (kr. 4.500 fyrir félagsmenn)

Rússneskt hekl – Sjöi NÝTT

Heklað sjal úr einbandi eftir uppskriftum úr bók Patrich eða eftir eigið vali. Þátttakendur mæta með rússneska heklunál nr.6 með 60-120 cm snúru. Einband í einum eða mismunandi litum. Þá bendum við á bókina Rússneskt hekl sem gott er að hafa á námskeiðinu. Undirstöðuþekking í rússneskuhekli er nauðsynleg

Kennari: Patric Hessel Zein
Fjöldi kennslustunda: 5 (2 skipti)
Tími: mán. Kl. 18-20, 22. feb og 1.mars
Námskeiðsgjald: kr. 7.700. (kr. 6.930 fyrir félagsmenn)



Rússneskt lopapeysuhekl NÝTT

Þátttakendur hekla lopapeysu á þessu námskeiði. Undirstöðuþekking í rússneskuhekli er nauðsynleg. Munstur sótt í nýútkomna bók um Rússneskt hekl. Nemendur koma með léttlopa í 1-3 litum og rússneska heklunál nr 6, með 60 og 120 cm snúru.

Kennari: Patric Hessel Zein
Fjöldi kennslustunda: 9 (3 skipti) 2-3 vikur á milli tíma.

Tími: mán. kl. 18-20, 14. feb, 28. feb og 21. mars.
Námskeiðsgjald: kr. 13.800. (kr. 12.400 fyrir félagsmenn)

Rússneskt hekl – Hetta í miðaldarstíl NÝTT

Þátttakendur hekla hettu í miðaldarstíl á þessu námskeiði. Undirstöðuþekking í rússneskuhekli er nauðsynleg. Farið er eftir uppskriftir úr Hug og Hönd sem kemur út 2011 eftir Patric. Nemendur koma með léttlopa og einband í mismunandi litum. Rússneska heklunál nr. 5, með 60 - 120 cm snúru.

Kennari: Patric Hessei Zein
Fjöldi kennslustunda: 6 (2 skipti)
Tími: Þri. Kl. 18-20, 12. apríl og 26. apríl.
Námskeiðsgjald: kr. 9.240. (kr. 8.320 fyrir félagsmenn)

Hekl fyrir byrjendur

Farið verður í undirstöðuatriði í hekli. Loftlykkjur, fastalykkjur, hálfstuðlar, stuðlar, tvíbrugðnir stuðlar og ýmsar útfærslur í hekli. Prufur gerðar. Skriflegar leiðbeiningar og uppskriftir af heklaðferðum. Þátttakendur koma með þrjónagarn í prufur og heklunál sem hæfir garni.

Kennari: Ásta Kristín Siggadóttir, textilkennari
Fjöldi kennslustunda: 9 (3 skipti)
Tími: mán. kl. 20-22, 31. jan – 14. feb.
Námskeiðsgjald: kr. 12.600. (kr. 11.340 fyrir félagsmenn)

Heklaðir lopavettlingar


Þátttakendur leiðbeint með að hekla lopavettlinga með keðjuhekli sem unnið er á tvo mismunandi vegu. Kennt að vinna upp í rjúpu, tvær aðferðir í keðjuhekli. Þumall, úrtöku á totu og þumli. Frágangur. Skriflegar leiðbeiningar og uppskrift af vettlingum í þremur stærðum. Þátttakendur mæta með hekiunál nr. 7 og tvær plötur af lopa. Málband, skæri, gróf javanál.

Kennari: Ásta Kristín Siggadóttir, textilkennari
Fjöldi kennslustunda: 6 (2 skipti)
Tími: mán. kl. 20-22, 14. mars og 21. mars
Námskeiðsgjald: kr. 9.300. (kr. 8.400 fyrir félagsmenn)

Leðursaumur I

Skorið, sniðið og saumað úr leðurbútum. Kennt að lita, gata og sauma leðursaum með tveimur nálum. Frágangur, kantar snyrtir, lásar og ólar festar o.fl. Þátttakendur búa venjulega til tösku.

Kennari: Philippe Ricart
Fjöldi kennslustunda: 18,5 (4 skipti)
Tími: mán. kl. 19 - 22.30, 7. feb. – 28. feb
Námskeiðsgjald: kr. 28.500. (kr. 25.600 fyrir félagsmenn). Efnið fæst hjá



kennara og kostar frá kr. 5000, eftir vali á skinni.

Leðursaumur II

Framhaldsnámskeið í leðursaum.

Kennari: Philippe Ricart

Fjöldi kennslustunda: 18,5 (4 skipti)

Tími: mán. kl. 19 - 22.30, 28.mars – 18.apríl

Námskeiðsgjald: kr. 22.400. (kr. 22.100 fyrir félagsmenn)

Efnið fæst hjá kennara.

Blautþæfing

Grunnnámskeið í blautþæfingu úr íslenskri ull. Þátttakendur læra grunntökin í þæfingu og þæfa mismunandi form.

Kennari: Philippe Ricart

Fjöldi kennslustunda: 14 (3 skipti)

Tími: mán. kl. 19-22.30, 7.mars – 21.mars

Námskeiðsgjald: kr. 21.200 (19.100 fyrir félagsmenn). Efni innifalið.

Tauprykk

Siikiprykk með römmum. Þátttakendur gera prufur og geta búa til sinn eigin ramma, framkalla á hann mynd /munstur. Kenndar einfaldar aðferðir í bland og notast við liti sem einungis þarf að strauja svo þeir poli þvott. Tilvalið að gera púða, myndir eða smáverk. t.d. með því að nota munstur eða stafagerð úr Sjónabókinni eða að eigin vali.


Kennari: Soffía Margrét Magnúsdóttir, textilkennari og - listamaður

Fjöldi kennslustunda: 16 (helgar námskeið)

Tími: 4.mars 19-21 / 5.mars 10-15 / 6.mars 10-15

Námskeiðsgjald: kr. 22.400 (kr. 20.160 fyrir félagsmenn). Hægt að fá lánaðan siikiprykksramma á meðan námskeiðinu stendur. Litir og efni fæst hjá kennara og má áætla þann kostnað frá kr. 3.000. Fyrir þá sem vilja kaupa eigin siikiprykksramma

má gera ráð fyrir að hann kostir frá kr. 5000.



Re-design / endurhannað úr gömlum fötum NÝTT

Á þessu sumarnámskeiði verður saumað upp úr gömlum fötum sem þátttakendur koma með. Kennari er Veronika Glitsch sem er starfandi hönnuður og kennari í Noregi. Sjá heimasíðu hennar www.veronikaglitsch.no Takmarkaður fjöldi á þetta námskeið. Áhugasamir hvattir til að skrá sig.

Kennari: Veronika Glitsch


Fjöldi kennslustunda: 30 (5 dagar)

Tími: 20.júní - 24.júní

Námskeiðsgjald:kr. 55.000 (kr.49.500 fyrir félagsmenn)

Nýting á víðigreinum

Á þessu námskeiði verður kennt að nýta víðgreinar á ýmsan hátt. Nemendur komna með efniviðinn, en í mars er einmitt rétti tíminn til að klippa víðihekkið. Kennnd verður gerð klifurgrinda á blómapotta, kransar og auðveldar brauðkórfur ásamt páskaskeytingum.



Kennari: Auður Óskarsdóttir

Fjöldi kennslustunda: 8 (2 skipti)

Tími: Laugardagar kl. 10:00 - 13:00, 19. og 26.mars

Námskeiðsgjald: Kr. 12.300.- (kr. 11.000.- fyrir félagsmenn)

XX

SKRÁNING

Hægt er að skrá sig á námskeið með því að senda tölvupóst á skoli@heimilisidnadir.is, hringja í síma Heimilisiðnaðarskólans 551 7800 eða koma á skrifstofu.

Opnunartími skrifstofu og Heimilisiðnaðarskólans er virka daga kl. 12-18.

Greiða má fyrir námskeið á eftirfarandi máta:

- Leggja inn á bankareikning Heimilisiðnaðarskólans 513-26-407487, kt. 4710872549. Nauðsynlegt er að taka fram nafn þátttakanda og heiti námskeiðs og senda kvittun á skoli@heimilisidnadir.is
- Sendu kreditkortaupplýsingar á skoli@heimilisidnadir.is
- Hringja inn til okkar með kreditkortaupplýsingar
- Koma á skrifstofu og greiða með debitkorti, kreditkorti eða reiðufé.

MIKILVÆGT:

- Til að staðfesta þátttöku á námskeið þarf að greiða námskeiðsgjald að fullu eigi síðar en 10 dögum áður en námskeið hefst. Oft er eftirspurn mikil á námskeið og því mikilvægt að ganga frá greiðslu sem fyrst.
- Ef námskeið fellur niður vegna ónógrar þátttöku verður námskeiðsgjald endurgreitt að fullu. Námskeið sem fellur niður verður aftur í boði næstu önn.
- Ef nemandi forfallast verður 80% af námskeiðsgjaldi endurgreiddur.

Staðsetning:

Kennsla fer fram í húsakynnum okkar að Nethyl 2e, 110 Reykjavík, nema annað sé tekið fram.

XXXXXXXXXXXXXX



Heimilisiðnaðarskólinn haust 2011

Námskeið - Fjölmennt

Vefnaður

Tilbúinir vefstólar á staðnum með uppistöðu, ofnar verða mottur, efni í töskur, púðar eða borðrenningar ásamt myndvefnaði.

Námskeiðið er í 10 vikur – 2 sinnum í viku. (45 kennslust.)

Tími: Mánudaga og miðvikudaga kl. 16:00 – 17:30 12. september - 16.nóvember

Efniskostnaður innifalinn verð kr. 96.000 per. nemenda

Kennari : Margrét Finnbogadóttir

Leðursaumur

Kennt verður að sauma úr tilsiðnu leðri, lita, gata og sauma leðursaum með tveimur nálum. Þátttakendur sauma gleraugnahulstur sem er byrjendaverkefni og eftir það er gerð t.d taska eða belt.

Námskeiðið er í 6 vikur – 1 sinnum í viku. (13,5 kennslust.)

Tími: Þriðjudaga kl. 16:00 – 17:30 13. september - 18.október.

Efniskostnaður innifalinn að hluta. Verð kr. 49.500 per. nemenda

Kennari: Philippe Ricart

Þæfing

Kennt verður að þæfa kúlur, smámyndir og skartgripi.

Námskeiðið er í 6 vikur – 1 sinnum í viku (13, 5 kennslustundir)

Tími: Mánudaga kl. 16:00 – 17:30 12.september. – 17.október.

Efniskostnaður innifalinn. Verð kr. 45.500 per. nemenda

Kennari: Philippe Ricart

Tálgun

Kennt verður að tálga í ferskan við. Fyrst einfalda hluti eins og smjörhnífa, sleifar o.fl. síðan er farið í að tálga fugla og aðrar fígúrur.

Námskeiðið er í 6 vikur – 1 sinnum í viku. (13,5 kennslustundir)

Tími: Fimmtudaga kl. 16:00 – 17:30 15.september – 20.september.

Efniskostnaður innifalinn. Verð kr. 49.500

Kennari: Bjarni Þór Kristjánsson

Soffía Magnúsdóttir

Heimilisiðnaðarskólinn.

Heimilisiðnaðarfélag Íslands

Nethylur 2e

110 Reykjavík - ICELAND

+354 551-5500 fax +354 551-5532

skoli@heimilisdnadur.is

www.heimilisdnadur.is